

Skýrsla verkefnisstjórnar
sæstrengs vegna viðræðna við
bresk stjórnvöld um
hugsanlegan sæstreng
milli Íslands og Bretlands

Júlí 2016

1. Inngangur.

Þann 28. október 2015 átti Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra tvíhliða fund með David Cameron forsætisráðherra Bretlands. Á fundinum var ákveðið að setja á laggirnar vinnuhóp til að kanna mögulega tengingu landanna í gegnum raforkusæstreng. Í fréttatilkynningu forsætisráðuneytis (fylgiskjal 1) sama dags segir nánar eftirfarandi um vinnuhópinn:

„Ráðherrarnir ræddu einnig samstarf í orkumálum og var ákveðið að setja á laggirnar vinnuhóp til að kanna mögulega tengingu landanna í gegnum sæstreng. Sigmundur Davíð sagðist hafa fyrirvara um lagningu sæstrengs. Forsenda fyrir mögulegri lagningu sæstrengs í framtíðinni væri að raforkuverð til heimila og fyrirtækja hækki ekki. Eðlilegt er þó að eiga viðræður við Breta um þau efnahagslegu og félagslegu áhrif sem lagning sæstrengs á milli landanna gæti haft í för með sér. Miðað er við að umræddur vinnuhópur skili niðurstöðu innan sex mánaða.“

Í kjölfar fundarins var málið rætt á vettvangi ríkisstjórnar Íslands og á ríkisstjórnarfundi þann 6. nóvember 2015 lögðu forsætisráðherra og iðnaðar- og viðskiptaráðherra fram minnisblað þar sem lagt var til að verkefnisstjórn sæstrengs, sem þegar var starfandi á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, væri falið það verkefni að eiga viðræður við Breta. Nánar tilgreint kom eftirfarandi fram í umræddu minnisblaði:

„Lagt er til að verkefnisstjórn atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis taki einnig við því verkefni að eiga viðræður við Breta. Hópurinn verði stækkaður af því tilefni og í hann bætist fulltrúar forsætisráðuneytisins og fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið mun áfram leiða verkefnið. Verkefnið felst í könnunarviðræðum við aðila sem bresk stjórnvöld tilnefna í verkefnið um verðlagningu, fjármögnun og regluverk við lagningu sæstrengs auk mögulegs strúktúrs viðskiptanna. Tekið skal skýrt fram að athugun á verkefninu er á frumstigi á Íslandi og ákvörðun um framhald þess mun krefjast mikillar yfirlegu og umræðu. Stefnt skal að því að verkefnisstjórnin skili niðurstöðum eigi síðar en eftir sex mánuði, eða í maí nk.“

Á fundi ríkisstjórnarinnar 6. nóvember var framangreind tillaga forsætisráðherra og iðnaðar- og viðskiptaráðherra samþykkt. Nánar er vísað til meðfylgjandi fréttatilkynningar frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, dags. 6. nóvember 2015 (fylgiskjal 2).

Í framhaldi af þeirri ákvörðun var þremur fulltrúum bætt við verkefnisstjórn sæstrengs og var hún skipuð sem hér segir:

Ingi Már Pálsson, skrifstofustjóri í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Ragna Árnadóttir, aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar

Þórður Guðmundsson, fyrrverandi forstjóri Landsnets

Benedikt Árnason, efnahagsráðgjafi forsætisráðherra

Benedikt Gíslason, sérstakur ráðgjafi fjármála- og efnahagsráðherra

Guðni A. Jóhannesson, forstjóri Orkustofnunar

Erla Sigríður Gestsdóttir, sérfræðingur í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

Í framhaldi af ákvörðun ríkisstjórnar setti atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið sig í samband við bresk stjórnvöld þar sem tilkynnt var um ákvörðun ríkisstjórnarinnar og skipun verkefnisstjórnar og lögð fram tillaga að fyrsta fundi starfshópsins í Reykjavík, ásamt fundarefni. Sjá nánar meðfylgjandi bréf dags. 23. nóvember 2015 (fylgiskjal 3).

Svarbréf barst frá breskum stjórnvöldum þann 8. desember (sjá fylgiskjal 4) þar sem kynnt var breska sendinefndin og eftirfarandi tekið fram varðandi efni viðræðnanna:

„We are happy with your proposed areas for discussion between our two Governments, namely interconnector business and pricing mechanisms, regulatory treatment, financing and general impact assessment. We have sought the views of our Ministers and agree that this period of work will be an early stage exploration of the issues which will inform decisions by Ministers on the extent of further work on the subject. Our Ministers are keen that the general impact assessment should consider in broad terms the potential risks and benefits for each country with a focus on security of supply, decarbonisation and cost. We do not believe that it would be appropriate or possible to carry out a detailed cost benefit assessment at this stage.

We welcome the opportunity of a first fact finding meeting between the working groups on 16th December in order to agree structure and timeframe for the exploratory discussions.“

2. Fyrsti fundur, 16. desember 2015.

Fyrsti fundur starfshópsins, sem fékk nafnið UK – Iceland Energy Task Force, fór fram í Reykjavík 16. desember. Frá breskum stjórnvöldum sátu fundinn: Stuart Gill sendiherra á Íslandi, Stephen Heidari-Robinson og Joshua Buckland frá forsætisráðuneyti, Sue Harrison, Matt Coyne og Jane Walker frá orku- og loftslagsráðuneyti, Stephen Beel frá Ofgem og Pétur Stefánsson frá UK Trade and Investment.

Í upphafi fundar var farið almennt yfir markmið og forsögu viðræðnanna. Sameiginlegur skilningur var hjá báðum aðilum að markmið væri ekki samningaviðræður um fyrirkomulag með sæstreng, heldur fyrst og fremst gagnkvæm upplýsingaöflun, samanber þau bréfaskipti sem átt höfðu sér stað í aðdraganda fundarins (fylgiskjöl 3 og 4).

Íslenska verkefnisstjórnin fór yfir stöðu og framgang verkefnis um sæstreng frá maí 2012, þegar MoU (Memorandum of Understanding) var undirritað milli orkumálaráðherra Íslands

og Bretlands. Sömuleiðis voru kynnt þau 8 verkefni sem unnið er að varðandi könnun á sæstreng. Bretarnir sýndu sérstakan áhuga verkefni 1 sem snýr að kostnaðar og ábatagreiningu, og mati á áhrifum sæstrengs, og óskuðu eftir frekari upplýsingum um það verkefni.

Orkumálastjóri var með almenna kynningu um raforkuframleiðslu Íslands. Í kjölfar þess var m.a. rætt um sjálfbærni jarðhitans, árstíðabundna framleiðslu vatnsaflsvirkjana, fjármögnun virkjana, almenningsálit og möguleika djúpborunar og vindorku.

Breska sendinefndin fór yfir stöðu orkumála í Bretlandi og regluverk fyrir sæstrengsverkefni í Bretlandi. Fram kom að Bretland stendur frammi fyrir ýmsum áskorunum hvað varðar orkuframboð m.a. vegna úreldingar kolaverksmiðja. Bretar hyggjast mæta orkuþörf með nýrri framleiðslu, vindorku, kjarnorku og einnig með tengingum til annarra ríkja.

Bretland hefur í dag fjóra tengda sæstrengi og eru níu til viðbótar til skoðunar. Þá kom fram að stjórnvöld ákvarði ekki tæknilegar lausnir, heldur er það markaðurinn sem velur hagkvæmustu framleiðslukostina. Nýlega hafi komið fram af hálfu orkumálaráðherra Bretlands, Amber Rudd, að stefna stjórnvalda væri sú að draga úr styrkjum þegar tæknilegar lausnir eru orðnar hagkvæmar og geta staðið á eigin fótum. Þá er stefnt að samkeppnishæfum raforkumarkaði með sem minnstum afskiptum stjórnvalda fyrir árið 2025. Áherslan er á samkeppni og fráhrarf frá ríkisstyrkjum og kom það m.a. fram í kynningu sem þeir lögð fram á fundinum um „Interconnection and Offshore Transmission“ (glæra 4: „A new direction for energy policy“):

„We want to see a competitive electricity market, with government out of the way as much as possible, by 2025. Subsidy should be temporary, not part of a permanent business model. When costs come down, as they have in onshore wind and solar, so should support.“

Fram kom í umfjöllun Breta að breska regluverkið hefði möguleg þrjú viðskiptalíkön fyrir sæstrengi, „Merchant“, „Cap and Floor“ og „Regulated“. Það síðastnefnda hefur þó ekki verið notað á Bretlandseyjum, en er algengt í Evrópu. Jafnframt var fjallað um styrkjakerfi fyrir lágkolefnisframleiðslu, s.k. „Contracts for Difference“. Styrkjakerfi þetta væri uppboðskerfi með mismunandi pottum fyrir mismunandi framleiðslu, m.a. hvort um sé að ræða nýjar eða þroskaðar tæknilausnir. Fram kom að að svo stöddu væru ekki uppi áform um að nýta CfD til verkefna fyrir utan Bretland, og jafnframt að CfD væri ekki hannað fyrir sveigjanlega framleiðslu („not designed for flexibel generation“ – glæra 17 í framangreindri kynningu).

Umræður voru um viðskiptalíkön og afhendingu orku frá Íslandi. Í umræðu um viðskiptalíkön kom fram vilji Íslands til að skoða CfD kerfið, og fá nánari upplýsingar um það, en fram kom hjá breskum stjórnvöldum að Cap and Floor kerfið væri það líkan sem þau kjósa helst að byrja að skoða fyrir sæstrengi. Rætt var einnig um mögulegan notkunartíma/álagstíma strengsins.

Fram kom að töluverð áhætta væri fólgin í fjárfestingu í sæstreng fyrir íslenska ríkið, því væri líkan sem gerði eingöngu ráð fyrir verðmismun („arbitrage“), ekki mögulegt, þar sem þá væri afraksturinn eftir hjá eiganda strengsins.

Á fundinum voru rædd næstu skref innan Task Force og framhald viðræðnanna. Ákveðið var að skiptast á gögnum sem liggja fyrir til upplýsinga. Þá höfðu Bretar áhuga á að skoða forsendur fyrir núverandi verkefni sem er í vinnslu hjá Kvik.

3. Annar fundur, 8. febrúar 2016.

Fundurinn fór fram í London í húsnæði Ofgem. Frá breskum stjórnvöldum sátu fundinn: Stephen Heidari-Robinson frá forsætisráðuneyti, Sue Harrison, Matt Coyne og Jane Walker frá orku- og loftslagsráðuneyti, Stephen Beel og Ruben Aiken frá Ofgem og Pétur Stefánsson frá UK Trade and Investment.

Frá Kvik: Rósant Már Torfason og Sigurður Hannesson.

Frá Pöry: Michel Martin, Gareth Davis.

Aðalefni fundarins var umbeðin kynning Kvik og Pöry á skýrslu þeirra um kostnaðar- og ábatagreiningu vegna sæstrengs (sjá fylgiskjal 5). Verkefnisstjórn var með þann fyrirvara á kynningu á skýrslu Kvik/Pöry að í fyrsta lagi að ekki væri búið að gera skýrsluna opinbera, hún væri vinnuskjal og því trúnaðargagn, og í öðru lagi þá væri um sjálfstætt aðkeypt verk að ræða sem endurspegladi ekki endilega skoðanir stjórnvalda á einstaka þáttum sem snúa að verkefninu um sæstreng.

Fulltrúar Kvik og Pöry fóru ítarlega í gegnum kynningu á skýrslunni en lítið var um beinar spurningar frá Bretum á fundinum. Óskuðu þeir eftir að fá að koma spurningum á framfæri á síðari stigum og var það samþykkt.

Að öðru leyti var á fundinum rætt um næstu skref í viðræðunum og samþykkt að á næsta fundi myndi koma fram frekari viðbrögð frá Bretum við skýrslu Kvik og Pöry. Einnig voru rædd tvíhliðasamskipti eftirlitsaðila og flutningsfyrirtækja í Bretlandi og Íslandi. Samþykkt var að Orkustofnun og OFGEM myndu taka hliðarfundi til að ræða nánar ýmis mál sem lúta að hlutverki eftirlitsaðila með raforkumarkaði („regulators“) í viðkomandi löndum.

4. Þriðji fundur, 15. mars 2016.

Fundurinn fór fram í Reykjavík. Frá breskum stjórnvöldum sátu fundinn: Jane Walker Clean Energy Directorate DECC, Matthew Coyne Energy Strategy Networks & Markets DECC, Sue Harrison International Energy & Resilience DECC, Alister Grainger Finance & Commercial DECC, Josh Buckland Energy Advisor No. 10, Stuart Borland Ofgem, Stephen Beel Ofgem,

William Tunningley FCO (Foreign Office), Stuart Gill HMA to Iceland, Pétur Stefánsson Director UKTI.

Bretar fóru yfir kynningu á breskri orkustefnu. Almennt kom fram að bresk orkustefna miði að því að auka orkuöryggi, en auka þurfi orkuframboð til að halda í við eftirspurn. Í meginefnum eru gas- og kjarnorkuver að taka við af úreltum kolaorkuverum á Bretlandseyjum. Áherslur Breta í því sem snýr að hreinorkuframleiðslu snúa að vindmyllum á hafi og millilandatengingum. Þá er jafnframt stefna stjórnvalda að draga úr styrkjum þegar tæknivalkostur hefur náð þannig þróun að hann sé samkeppnishæfur á markaði. Þannig verði stuðlað að því að lækka verð til neytenda.

Í framhaldi af því fóru Bretar yfir viðbrögð sín við skýrslu Kviku og Pöyry. Í grunninn töldu þeir skýrsluna vera ítarlega og vel unna. Bent var á nokkur atriði eins og að tengikostnaður í Bretlandi hafi ekki verið tekinn með í reikninginn, að Bretar líta ekki á vindorku á landi sem raunhæfan valkost og miða við að draga úr styrkjum til hennar og að á óvart hafi komið hve stóran hlut hún gegnir í skýrslunni. Bentu Bretar á að ýmsar forsendur hvað varðar framleiðslukostnað væru ívið hærri í skýrslunni en reiknað væri með og að kostnaður hefur farið lækandi í kjölfar útboða, t.a.m. vindur á hafi. Að því er stærð sæstrengs varðar kemur strengur undir 1.000 MW ekki til greina að mati Breta. Gagnlegt væri jafnframt að mati Breta að fá fram upplýsingar um tímaáætlun fyrir uppbyggingu orkukosta á Íslandi og áhættumat.

Fulltrúar Breta fóru yfir breskt regluverk fyrir sæstrengi og mögulega aðlögun að verkefninu. Fjögur möguleg viðskiptalíkön voru kynnt og möguleikar á aðlögun ræddir með almennum hætti, þ.á m. líkan sem notað hefur verið fyrir vindmyllukerfi á hafi. Ákveðið var að undirhópur verkefnahópsins myndi skoða aðeins nánar með samanburð á viðskiptalíkönnum og regluverki út frá sérþörfum þessa verkefnis.

Á fundinum var farið almennt yfir afstöðu almennings á Íslandi gagnvart mögulegum sæstreng, íslenskum hagstærðum og stöðu stjórn mála. Jafnframt var farið nánar yfir innlenda framleiðslumöguleika (möguleika í jarðvarma, vatnsafli, vindi og endurbótum).

Starfsmaður frá Ofgem var með kynningu um áhrif tengikostnaðar og lendingarstað sæstrengs. Þá kynnti hann niðurstöður samstarfsverkefnis National Grid, Landsnets og Landsvirkjunnar um mismunandi lendingarstaði.

Rædd voru næstu skref innan Task Force og hvernig vinnuhópurinn ætti að skila af sér í maímánuði, m.a. mögulega sameiginlega yfirlýsingu um það sem fram hefur komið í viðræðunum. Samþykkt var að halda lokafund í London.

4. Fjórdi fundur, 6. maí 2016.

Fundurinn fór fram í London í húsnæði DECC. Frá breskum stjórnvöldum sátu fundinn: Reuben Aitken Energy Directorate DECC, Matthew Coyne Energy Strategy Networks & Markets DECC, Sue Harrison International Energy & Resilience DECC, Alistair Grainger Finance & Commercial DECC, Josh Buckland Energy Advisor No.10, Stuart Borland Ofgem, Stephen Beel Ofgem, William Tunningley FCO (Foreign Office), Petur Stefansson Director UKTI.

Í byrjun fundar var stuttlega greint frá þróun mála á Íslandi í kjölfar þess að forsætisráðherra hafi sagt af sér og afleiðingar þess. Að því loknu fór minni vinnuhópur skiparður Benedikt Gíslasyni og Guðna A. Jóhannessyni fyrir Íslands hönd yfir þá vinnu sem hann hafði unnið á milli þriðja og fjórða fundar. Vinnuhópnum hafði verið falið að kanna nánar með hugsanlegt fyrirkomulag regluverks, viðskiptalíkans og stuðningskerfa fyrir sæstreng á milli Íslands og Bretlands, að teknu tilliti til sérstöðu verkefnisins.

Að þessu umræðum loknum var farið í að ganga frá sameiginlegri lokayfirlýsingu frá vinnuhópnum, eins og lagt hafði verið upp með fyrir fundinn. Að lokinni yfirferð yfir það voru aðilar sammála því að yfirlýsingin feli í sér almenna frásögn af viðræðunum og uppleggi þeirra. Einnig að þar komi fram að „Renewable export business“ módelið (RES), með einhvers konar stuðningskerfi (CfD eða öðru), kunni að gera verkefnið fjárhagslega tækt og samkeppnishæft. Einnig að viðurkennt sé að verkefnið kalli á sérstakar breytingar á regluverki ef það eigi að verða að veruleika. Og jafnframt að ef fara eigi yfir í næsta áfanga í áframhaldandi skoðun á verkinu þá sé það ákvörðun sem sé utan við verkahring vinnuhópsins. Til upplýsinga er tiltekið hvaða gæti hugsanlega falist í slíkum næsta áfanga í könnun á verkefninu.

Bretar tóku fram að þar sem að þjóðaratkvæðagreiðsla um veru Bretlands í ESB fer fram 23. júní þá megi breskt stjórnvöld ekki, samkvæmt lagareglum þar um, ekki birta framangreinda yfirlýsingu, eða annað sem snýr að þessum viðræðum, fyrr en eftir 23. júní. Af þessum sökum var samþykkt að bíða með birtingu af niðurstöðum viðræðna þar til eftir 23. júní.

5. Samantekt og helstu niðurstöður viðræðna.

Verkefnisstjórn sæstrengs lítur svo á að viðræðurnar milli íslenskra og breskra stjórnvalda hafi almennt verið gagnlegar og að ýmislegt hafi skýrst í þeim. Á fundunum var skipst á upplýsingum um fjölmargt sem lítur að möguleika á raforkusæstreng á milli landanna. Sameiginlegur skilningur var til staðar frá upphafi hjá báðum aðilum að markmið viðræðnanna væri ekki samningaviðræður heldur fyrst og fremst gagnkvæm upplýsingaöflun með það að markmiði að vera liður í því að ráðamenn geti tekið upplýsta ákvörðun um næstu skref í málinu (óháð því hver þau skref kunna að vera og án þess að gera tillögur þess

efnis). Kom sá skilningur einnig skýrt fram í fréttatilkynningum og bréfaskiptum í aðdraganda viðræðnanna, samanber framangreint.

Bresk stjórnvöld voru almennt séð áhugasöm um möguleika á sæstrengi milli landanna og þá vinnu sem fram hefur farið hér varðandi könnun á sæstreng. Vildu þau leggja sitt af mörkum til að fá fram sem bestar upplýsingar til að geta tekið upplýsta ákvörðun um næstu skref að lokinni vinnu þessa UK – Iceland Energy Task Force.

Að sama skapi óskaði íslenska sendinefndin í upphafi eftir nánari upplýsingum frá Bretum um stöðu mála í orkustefnu Bretlands, upplýsingum um regluverk Breta fyrir sæstrengi og þau viðskiptalíkön sem beitt er fyrir sæstrengsverkefni, sem og almennt um afstöðu Bretlands til slíks verkefnis.

Upplýsingar Breta um framangreint voru gagnlegar. Í kynningu þeirra á stefnu breskra stjórnvalda um sæstrengi og orkumál kom m.a. fram að til lengri tíma er stefnan sú að draga úr styrkjum til endurnýjanlegra orkugjafa. Áherslan er á samkeppni og fráhvarf frá ríkisstyrkjum. Er þetta í samræmi við almenna þróun í orkustefnu Evrópusambandsins, samanber núverandi stefnu ESB í orku- og loftlagsmálum.

Samtengingar Breta við önnur lönd í dag eru samtals 4 GW og er fjöldi nýrra sæstrengsverkefna til skoðunar (9 verkefni sem eru mislangt komin). Á fundunum útskýrðu Bretar að almennt séu þrjú hefðbundin regluverk og viðskiptalíkön í boði fyrir sæstrengi:

- „Fully Merchant“ (markaðslíkan).
- „Semi-regulated returns – Ofgem’s Cap and Floor“ og „Regulated“ (tekjubaks-og-gólfkerfi).
- „Fully regulated returns“ (reglugerðarlíkan).

Það síðastnefnda hefur ekki verið notað á Bretlandseyjum, en er algengt í Evrópu.

Í þessu samhengi var jafnframt fjallað um styrkjakerfi fyrir endurnýjanlega raforkuframleiðslu, og þá sérstaklega s.k. „Contracts for Difference“ (mismunagreiðslur). Bretar útskýrðu að styrkjakerfi þetta væri uppboðskerfi með mismunandi pottum fyrir mismunandi framleiðslu, m.a. hvort um sé að ræða nýjar eða þroskaðar tæknilausnir. Fram kom að að svo stöddu væru ekki uppi áform um að nýta CfD til verkefna fyrir utan Bretland og jafnframt að CfD væri almennt ekki hannað fyrir sveigjanlega framleiðslu.

Samanburður á regluverki og viðskiptalíkönum fyrir sæstreng er lykilatriði varðandi könnun á fýsileika sæstrengsverkefnis milli Íslands og Bretlands og fór því stór hluti af viðræðunum við Breta í umræður um þau mál. Fjárhagsleg hagkvæmni verkefnisins veltur að miklu leyti á vali á viðskiptalíkani sem ákvarðar greiðslur og tekjustrauma á Íslandi og í Bretlandi, eins og nánar er fjallað um í skýrslu Kviku og Pöyry um kostnaðar- og ábatagreiningu.

Í umræðu um viðskiptalíkön og regluverk var á það bent að hvað viðskiptalega arðsemi verkefnisins varðar þá hafi það verið niðurstaða skýrslu Kviku og Pöyry að verkefnið nær ekki

lágmarksarðsemi (7,9%) nema í gegnum s.k. útflutningslíkan (Renewable Export Model) og að til komi stuðningur frá breskum stjórnvöldum, t.d. í formi mismunasamnings (CfD). Önnur viðskiptalíkan sem skoðuð hafi verið gefi ekki nægjanlega lágmarksarðsemi.

Fram kom hjá breskum stjórnvöldum að „Cap and Floor“ kerfið væri það viðskiptalíkan og regluverk sem þau kjósa helst að skoða fyrir sæstrengi, en hins vegar væru önnur viðskiptalíkan ekki útilokuð. Skoða þyrfti hvert verkefni með sjálfstæðum hætti. Sýndu Bretar sérstakan áhuga á þeirri kostnaðar- og ábatagreiningu sem unnin var fyrir íslensk stjórnvöld af Kviku og Pöyry og óskuðu eftir nánari kynningu á þeirri vinnu og fór sú kynning fram á öðrum fundi viðræðuhópsins í London (sjá fylgiskjal 5).

Á þriðja fundi komu fram gagnlegar ábendingar og athugasemdir við skýrslu Kviku og Pöyry. Almennt voru aðilar sammála um að skýrslan væri afar ítarleg og vel unnin. Ávallt má hins vegar deila um forsendur og aðferðarfræði. Gerðu Bretar ekki athugasemd við þá niðurstöðu skýrslunnar að hefðbundin viðskiptamódel og regluverk (markaðslíkan eða tekjubaks-og-gólfkerfi) myndu ekki eiga vel við fyrir þetta tiltekna verkefni vegna sérstöðu þess.

Það kom Bretum á óvart að sjá í skýrslu Kviku og Pöyry hvað gert er ráð fyrir mikilli raforkuframleiðslu frá jarðvarma og frá vindi, í forsendum orkuöflunar fyrir sæstrenginn. Höfðu Bretar gert ráð fyrir stærri hlut vatnsafls í þeirri viðbótarorku sem sæstrengur myndi kalla á. Var farið nánar yfir þá þætti með Bretum og sérstaklega farið yfir eðli jarðvarma. Kom fram að bresk stjórnvöld geti ekki veitt stuðning fyrir raforkuframleiðslu úr vindorku á landi þar sem stefna stjórnvalda í Bretlandi sé að draga úr styrkjum til slíkrar framleiðslu.

Jafnframt var nokkur umræða um raforkuflutning um sæstrenginn og mismun þess að horfa til jafnrar raforkuframleiðslu („base load“) eða framleiðslu með sveiflum („intermittent“). Skýrsla Kviku og Pöyry gerir frekar ráð fyrir jafnri raforkuframleiðslu frá Íslandi til Bretlands og að ekki verði mikið magn af raforku sem muni flæða í hina áttina, til Íslands.

Þetta var nokkuð rætt og voru aðilar sammála því að ýmis rök kunni að vera fyrir því að einhverskonar samblanda af „base load“ og „intermittent“ raforkuflutningi kunni að vera hagkvæmasti kosturinn fyrir báða aðila. Það er hins vegar eitthvað sem þarfnast mun nánari skoðunar.

Voru aðilar sammála um að best væri að halda öllum valkostum opnum hvað þetta varðar og að skoða þyrfti mögulegar ólíkar útfærslur nánar, ef verkefnið fer yfir á næsta stig í könnun.

Á fundunum kom fram að margvíslegur ávinningur kann að vera af því að tengja raforkukerfi Íslands og Bretlands saman með sæstreng. Auk mögulegs fjárhagslegs ávinnings fyrir báða aðila, að því gefnu að menn nái saman um samningslíkan og regluverk, má t.d. nefna aukið orkuöryggi og aukin áhersla á notkun endurnýjanlegra orkugjafa með tilheyrandi jákvæðum umhverfislegum áhrifum.

Jafnframt voru aðilar sammála því að hér er um afar flókið mál að ræða, jafnt út frá efnahags-, samfélags- og umhverfislegum forsendum, og að ýmsar hindranir kunna að vera í veginum fyrir framgangi málsins. Var þar nefnd mögulega óvissa og tímasetningar um viðbótar raforkuframleiðslu á Íslandi í nægjanlegu magni til að standa undir útflutningi í gegnum 1.000 MW sæstreng. Einnig þörf á uppbyggingu á flutningskerfi raforku fyrir sæstrenginn. Almenningsálit skiptir einnig miklu máli og var farið yfir þá þætti á fundunum.

Ein stærsta hindrunin sem þarf að komast yfir, ef af slíku verkefni á að verða, er væntanlega að komast sameiginlega niður á ásættalegt viðskiptalíkan og regluverk sem gerir verkefnið mögulegt, og sem fengist samþykkt af eftirlitsaðilum. Viðræðurnar leiddu það í ljós að slíkt viðskiptalíkan og regluverk er ekki til í dag og myndi því þurfa að sérsníða það fyrir þennan sæstreng, með hliðsjón af sérstöðu hans.

Aðilar voru sammála um að þetta verkefni hefur talsverða sérstöðu umfram önnur sambærileg verkefni í heiminum þar sem tengdir eru saman tveir raforkumarkaðir og þarf að taka mið af því. Hafa ber t.d. í huga að á Íslandi er enginn skipulagður tilboðsmarkaður með raforku og raforkusæstrengur til Íslands myndi því ekki fyrst og fremst snúa að því að tengja saman tvo virka raforkumarkaði.

Viðræðurnar leiddu einnig í ljós að verkefnið verður ekki að veruleika án sérstaks stuðningskerfis frá breskum stjórnvöldum. Ekki liggur ljóst fyrir hvernig það stuðningskerfi getur litið út og ljóst að sérsníða þyrfti það. Bent var á að CfD samningsstyrkir hafa aldrei verið veittir verkefnum fyrir utan Bretland og að almenna þróunin er að draga úr styrkjum.

Aðilar voru því sammála um að um mjög áhugaverðan kost sé að ræða, fyrir margra hluta sakir, en jafnframt að enn séu margir óvissuþættir til staðar og hafi það kristallast við yfirferð starfshópsins á verkefninu. Á sama tíma leiddu viðræðurnar í ljós margvíslegan sameiginlegan skilning á verkefninu eins og hér hefur verið gerð grein frá.

Á lokafundinum var rætt að ef ákvörðun verður tekin um að fara með sæstrengs verkefnið áfram yfir á næsta stig gæti það t.d. falist í eftirfarandi þáttum og viðbótarvinnu, sem snýr að stjórnvöldum landanna:

- Sameiginleg kostnaðar- og ábatagreining. Til að finna betur sameiginlegar forsendur og helstu stærðir.
- Frekari sameiginleg könnun á því hvers konar regluverk þarf að sérsníða fyrir verkefnið, hvaða svigrúm er til þess og meta líkur á því hvort slíkt regluverk fengist samþykkt af þar til bærum eftirlitsaðilum.
- Frekari sameiginleg könnun á því hvers konar sérsníðið viðskiptalíkan gæti gert verkefnið áhugavert fyrir báða aðila og fjárhagslega tækt.
- Frekari sameiginleg könnun á því hvers konar stuðningskerfi gæti verið unnt að sérsníða til að styðja við verkefnið og gera það að veruleika. M.a. til hversu langs tíma og á hvaða forsendum.

- Frekari sameiginleg könnun á fyrirkomulagi raforkuflutnings á milli landanna (t.d. frekari samanburður á kostum og göllum „base load“ eða „intermittent“, sem og mögulegt samspil beggja leiða).

Aðilar að viðræðunum voru sammála því að ákvörðun um hvort taka eigi verkefnið yfir á næsta stig, eða ekki, er ekki ákvörðun sem tekin verður innan viðræðuhópsins, samanber umboð hans. Jafnframt voru aðilar sammála um að það er ekki heldur í verkahring viðræðuhópsins að gera tillögur um hvort ástæða sé að fara með verkefnið áfram yfir á næsta stig eða ekki. Hlutverk þessa Task Force var að afla upplýsinga og koma fram með eins góðar upplýsingar og hægt er með það fyrir augum að það nýtist í frekari ákvarðanatöku af stjórnvöldum viðkomandi landa.

Það efni sem tekið hefur verið saman af hálfu starfshópsins í þessum viðræðum er unnið í samræmi við það umboð sem starfshópnum var falið og litið er svo á að það kunni að nýtast sem liður í undirbúningi að ákvörðun um næstu skref í málinu, óháð því hver sú ákvörðun kann að vera.

Framangreindar niðurstöður eru dregnar saman í meðfylgjandi Joint Statement frá starfshópnum (fylgiskjal 6).

Fylgiskjöl:

1. Fréttatilkynning frá forsætisráðuneytinu, dags. 28. október 2015.
2. Fréttatilkynning frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, dags. 6. nóvember 2015.
3. Bréf frá ANR til DECC, dags. 23. nóvember 2015.
4. Bréf frá DECC til ANR, dags. 8. desember 2015.
5. Kynning Kvikú og Pöyry á drögum að skýrslu frá fundi í London 8. febrúar 2016.
6. Joint Statement UK – Iceland Energy Task Force.